

Nd.

889. Nefndarátt

um frv. til hafnarlaga fyrir Ísafjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir nú haft frv. þetta til meðferðar og athugað það jafnhliða öðrum þeim hafnarlagafrv., sem henni hafa borist.

Eins og nefndin hefir tekið fram í nefndarálitinu um hafnarlagafrv. þau, sem hún þegar hefir afgreitt frá sjer, þá hefir hún talið rjettast að mæla með því, að hafnarbætur verði þar fyrst gerðar, sem þörfin er brýnust og þar sem fyrirsjáanlegt er, að opnast geti nýir möguleikar til stórauðinnar framleiðslu.

Hins vegar dylst nefndinni ekki, að það mundi verða landssjóði ofvaxið að ráðast í stór fjárframlög til margra hafnarbygginga í einu, því jafnvel þó tek-ið sje fram í frv., að tillög landssjóðs komi ekki til útborgunar fyrir en fje er veitt til þess í fjárlögum, þá er fjenu þó lofað, um leið og slíkt frv. er samþykkt, og þá undir kasti komið, hvaða fjárveitingar til hafnargerða komast fyrst inn í fjár-lögin. Auk þess getur komið fyrir, að á næstu þingum komi fram beiðnir um fjárframlög til hafnargerða, þar sem þörfin er enn brýnni en hjer. Væri þá óheppi-legt, að þingið væri búið að lofa því fje, sem það teldi sjer fært að veita, til ónaudsynlegri hafnarbóta.

Það er alkunnugt, að á Ísafirði er einhver besta höfnin á landinu, frá náttúrunnar hendi. Þar hafa verið byggðar 2 hafskipabryggjur, sem báðar standa, án þess að nokkur garður hafi verið byggður til að verja þær ís og sjógangi. En frv. þetta fer fram á að bæta þessa höfn, auk nýrrar hafnargerðar utan við tang-ann, sem hlífir höfninni og kaupstaðurinn stendur á. Það má því telja, að hjer sje um 2 hafnargerðir að ræða, sem mun stafa af því, að hlutaðeigendur hafa ekki komið sjer saman um, hvar eða hvernig höfnina eigi að byggja. En það telur nefndin ekki geta komið til mála að byggja eða bæta nema eina lands-sjóðsstyrkta höfn á Ísafirði.

Loks er á það að minna, að landið er eigandi lands og lóða þeirra, sem liggja að þeim höfnum, sem nefndin hefir lagt til, að þingið veitti fje til að byggja, en lóðir þær, sem hjer um ræðir, eru einstakra manna eignir.

Af framangreindum ástæðum telur nefndin sjer ekki fært að mæla með því, að frv. þetta verði samþykkt, en leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

DAGSKRÁ.

Með því deildin álitur, eins og nú er komið fjárhag landsins, að eigi sje ráðlegt að samþykkt sje á þessu þingi fjárveiting til hafnargerðar á Ísafirði, og álitur auk þess, að fyrirtækið sje ekki nægilega undirbúið, þá telur hún ekki rjett að samþ. frumvarpið, þótt margt mæli með því, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. sept. 1919.

Björn Kristjánsson,
formaður.

Björn R. Stefánsson,
framsögumaður.

Pjetur Ottesen,
skrifari.

Sveinn Ólafsson. Matth. Ólafsson.